

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók nr. 282 13. október 1972.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Inn komi nýr kafli nr. VIII Ýmis ákvæði og undir hann falli greinar 48—52 og verði þær tölusettar sem 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 265.

4. mars 1975.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Sauðárkrókskaupstaðar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Sauðárkrókshöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.**2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.